



**Kveðja  
frá  
forseta Íslands  
Ólafi Ragnari Grímssyni  
og  
Guðrúnu Katrínu Þorbergsdóttur**

Á hátíðardegi leitar hugur okkar yfir heimsálfu og haf heim til ykkar á Álftanesi. Við sjáum í anda fagra umgjörð náttúrunnar sem verið hefur kóróna byggðarlagsins og ætíð mun veita Álftnesingum einstaka gæfu.

Við rifjum upp gleðistundir að vetri og vori, þrettándabrennur og þorrablót, heimsóknir skólakrakkanna til að kveikja með okkur á jólatrjánum fyrir framan Bessastaðastofu, hátíðardaga og helgar stundir í kirkjunni, tignarreið hestamanna um nesið og vetrarleiki æskufólksins, samræður í léttum dúr við ungar söfnunarsveitir sem vinna vilja ungmennafélaginu allt til dáða, góða daga sem gert hafa dvöl okkar á Bessastöðum að gleðitíma.

Við höfðum ætlað að fagna með ykkur á þessum degi en hugskeytin með þakklæti og árnaðaróskir á oddinum verða að duga sem sending okkar að sinni.

Við vonumst til að geta átt með ykkur góða haustdaga, nýjan vetur og önnur vor.

Það eru sterkar rætur sem fóstura mannlíf og menningu á Álftanesi og forsetasetrið hefur ávallt notið vinsemdar og virðingar hjá Álftnesingum. Fyrir þá góðu sambúð ber að þakka af alhug á afmælisdegi byggðarlagsins.

Við óskum ykkur heilla og farsældar um alla framtíð.

Ólafur Ragnar Grímsson  
Guðrún Katrín Þorbergsdóttir